

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Drangsskarð 17.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 20. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, er nær til lóðarinnar við Drangsskarð 17.

Í breytingunni felst að byggingarreit er breytt. Fyrirhugað hús verður tveggja hæða í stað einnar til tveggja. Fjölgað er um eitt bílastæði og þau færð til innan lóðarinnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Völuskarð 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 10. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, er nær til lóðarinnar við Völuskarð 4.

Í breytingunni felst að byggingarreit er breytt og bílskúr verður hluti af aðalhæð. Bundin byggingarlína færir fjær götu og verður nú bundin að lágmarki 7 m í stað 9 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. mars 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2021